

Pá greiði stefndi stefnanda í málskostnað kr. 250,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi skal sýkn af frekari kröfum stefnanda í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 138/1953. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

Skúla Sigurðssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari virðist að mestu hafa látið nægja próf lögreglumanna í máli þessu, en ekki prófað sakaratriði sjálfstætt. Er þetta brýnt brot á ákvæðum 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Skúli Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 23. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2357/1953: Ákærvaldið gegn Skúla Sigurðssyni, sem dómtekið var 20. júní sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 16. febrúar sl., gegn Skúla Sigurðssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Langholtiavegi 109 hér í bæ, fyrir að hafa orðið valdur að líkamsmeiðingu af gáleysi samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og gerzt sekur um bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, með því að aka bifreiðinni R. 5852 austur Suðurlandsbraut hinn 1. september 1952 án nægilegrar aðgæzlu, án þess að gefa hljóðmerki, er hann ætlaði að aka fram hjá manni á reiðhjóli, og án þess að halda bifreið sinni þá neitt til hægri á akbrautinni, með þeim afleiðingum, að Guðmundur Ingi Sigurðsson, sem ók á reiðhjóli í sömu átt, varð fyrir bifreiðinni og hlaut af mikil meiðsl, m. a. höfuðkúpubrot. Þær kröfur eru gerðar skv. ákæruskjali, að nefndur Skúli verði dæmdur til refsingar skv. framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga, til réttindasviptingar skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður Skúli er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. janúar 1898 á Stokkseyri, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

- 1928 18/6 Kærður fyrir bifreiðárekstur. Málið afgreitt til dómara.
- 1929 29/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðal. og lögrsp. Rvíkur.
- 1932 23/7 Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengisbrugg í vörzlu.
- 1932 25/10 Undir rannsókn út af bifreiðáarekstri. Málinu lokið án málshöfðunar eða sektar.
- 1935 30/10 Sátt, 40 kr. sekt fyrir að aka bifreið á fjárrekstur.
- 1951 16/1 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 1. september 1952, kl. 13.15, var tilkynnt á lögreglustöðina hér í bæ, að slys hefði orðið á Suðurlandsbraut rétt hjá Múla. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að Guðmundur Ingi Sigurðsson, Bergþórugötu 23 hér í bæ, 10 ára að aldri, hafði verið á leið austur Suðurlandsbraut þá rétt áður á reiðhjóli. Hjá Múla hafði bifreiðinni R. 5832 verið ekið fram úr honum. Hafði þá engum togum skipt, að Guðmundur Ingi lenti utan í bifreiðinni og féll í götuna af reiðhjólinu. Er slysið varð, var norðanstormur og þurrt veður. Skv. uppdraetti af slysstaðnum stendur bifreiðin R. 5852 á vinstri helmingi steinsteypa vegarins. Er hún bein fyrir á veginum og veit í suðaustur. Nokkru fyrir aftan bifreiðina er markaður blóðpollur á steinsteypa veginum við jaðar malborna vegarins. Skv. mynd, sem tekin var

af slysstaðnum, er reynt hafði verið að færa allt í sama horf og verið hafði, er slysið var nýafstaðið, þá liggur Guðmundur Ingi á bakinu á steinsteyppta veginum, en höfuð hans nær þó út á malborna veginn. Rétt fyrir framan hann liggur reiðhjólið að mestu leyti á steinsteyppta veginum.

Ákærður í máli þessu, Skúli Sigurðsson, stjórnandi bifreiðarinnar R. 5852, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi verið á leið upp að Rauðhólum til að sækja rauðamöl, er slysið varð. Var hann að koma heiman að frá sér og ók sem leið liggur austur Suðurlandsbraut. Hraðamælir á bifreið ákærðs var ekki í lagi, en hann ætla, að hann hafi ekið með 30—35 km hraða. Segir hann það mesta hugsanlegan hraða. Ákærður hefur tekið fram, að hann hafi ekki verið að flýta sér. Er ákærður var kominn austur fyrir húsið Undraland, veitti hann athygli ungum dreng, sem ók á undan honum á reiðhjóli í sömu átt. Drengurinn hjólaði norðan steyppta vegarins á malborna kaflanum. Ók hann á eðlilegri ferð. Er ákærður, sem hélt sér á vinstri vegarhelmingi, nálgadist drenginn, tók hann eftir því, að drengurinn beygði tvisvar sinnum til suðurs eða að nyrðri brún steinsteyppta vegarins, en síðan beygði hann aftur til norðurs eða út á malborna veginn. Hjólaði drengurinn sem ákærður kallar „sikk-sakk“. Er ákærður var kominn á hlið við drenginn, var hann að mæta 6 manna fólksbifreið, er var ekið eðlilega á sínum vinstri vegarhelmingi. Ekki kveðst ákærður hafa þurft að víkja neitt utar á sínum vinstri vegarhelmingi, þótt bifreiðarnar mættust. Um leið og bifreiðarnar voru að mæstast, varð ákærðum litið í áttina að drengnum. Sá hann þá, að drengurinn hafði enn einu sinni beygt til hægri. Virtist ákærðum hann stefna með framhjól reiðhjólsins að bifreið sinni. Er ákærður sá þetta, gaf hann hljóðmerki, en í því fann hann, að reiðhjólið lenti utan í vinstri hlið vörupalls bifreiðarinnar. Um leið og ákærður varð var við þetta, hemlaði hann, og stöðvaðist bifreiðin þá um leið.

Ákærður fór svo út úr bifreiðinni og gekk aftur með henni vinstra megin. Sá hann þá drenginn liggja fyrir aftan bifreiðina norðan megin steinsteyppta vegarins. Lá hann á bakinu, og vissi höfuð hans, er var við eða á nyrðri brún steinsteyppta vegarins, til norðurs, en fætur hans til suðurs. Ákærður veit ekki, hvort drengurinn var þá með meðvitund, en heldur, að svo hafi ekki verið. Reiðhjól drengsins lá við hlið hans, að austanverðu. Var það næstum þversum á veginum, og vissi framhjólið inn á veginn eða til suðurs. Ákærður ætla, að drengurinn hafi lent á skjólborðinu, sem er vinstra megin á vörupallinum fyrir aftan afturhjólið. Telur hann öruggt, að bifreiðin hafi ekki lent ofan á drengnum. Ákærður kveðst hafa talið það öruggt, að drengurinn hafi orðið bifreiðar sinnar var, þar sem hann vék frá, er hann gaf hljóðmerki. Ákærður hefur gízkað á, að bilið milli bifreiðar sinnar og reiðhjólsins hafi verið um 2 metrar,

er hann ók fram með því. Með ákærðum var í bifreiðinni 6 ára drengur, sem talið hefur verið þýðingarlaust að kveðja fyrir dóm.

Vitnið Torfi Eysteinnsson hefur skýrt svo frá atvikum, að það hafi, er umrætt slys varð, komið akandi vestur Suðurlandsbraut á bifreið sinni R. 5011. Er vitnið var komið vestur fyrir húsið Múla, veitti það athygli dreng, sem kom akandi á reiðhjóli á móti því. Hjólaði drengurinn yzt á nyrðri brún steypa vegarins í alla staði eðlilega. Er vitnið átti eftir 70—100 metra að drengnum, sá það, að bifreiðinni R. 5852 var ekið fram með hlið hans hægra megin nokkuð nálægt honum. Var bifreiðinni ekið nokkru norðan við strikið, sem skiptir akbrautunum. Er drengurinn var á móts við stýrishús bifreiðarinnar, sá vitnið, að hann sveigði að bifreiðinni. Vitninu fannst bifreiðarstjórinn á R. 5852 verða var við þetta, þar sem hann sveigði bifreiðinni frá drengnum. Um leið lenti framhluti reiðhjólsins utan í afturhjóli bifreiðarinnar vinstra megin með þeim afleiðingum, að drengurinn féll í götuna niður með vinstri hlið bifreiðarinnar. Vitnið segir það öruggt, að bifreiðin hafi ekki lent ofan á drengnum. Bifreiðarstjórinn lét bifreið sína renna nokkuð áfram, en nam síðan staðar. Vitnið kveðst og hafa numið staðar og haldið á staðinn, þar sem drengurinn lá. Drengurinn var langsum á veginum. Nam höfuð hans við nyrðri brún steypa vegarins, en fætur hans vissu í vesturátt eftir vegjaðrinum. Drengurinn lá næstum á grúfu, þó aðeins meira á hægri hlið ef til vill. Var hann meðvitundarlaus. Vitnið segir það álit sitt, að bifreiðarstjórinn á R. 5852, ákærður Skúli, hafi ekið óþarflega nærri drengnum. Hefði hann ekki þurft að aka jafnutarlega á veginum og hann gerði, þar sem bifreið þess hafi verið í nokkurri fjarlægð, er hann ók fram hjá drengnum, og það hafi verið utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt ákærðan gefa hljóðmerki, er hann ók fram hjá drengnum, en vill þó taka fram, að það hafi verið í nokkurri fjarlægð, er slysið varð, og sé því hugsanlegt, að það hafi ekki heyrt hljóðmerki, ef það hafi verið gefið.

Vitnið Jón Þorbjörnsson hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið austur Suðurlandsbraut á reiðhjóli, er umrætt slys varð. Er vitnið var komið á móts við benzínafgreiðslu Shell, varð það vart við dreng þann, er fyrir slysinu varð, á reiðhjóli fyrir framan það. Virtist vitninu hann hjóla eðlilega. Er þeir fóru upp brekkuna að Þvottalaugavegi og vitnið var komið austur fyrir brú, sem þar er, hjólaði það út á malborna hluta vegarins. Drengurinn hins vegar hjólaði eftir nyrðri jaðri steypa vegarins. Vitnið hjólaði síðan á eftir drengnum upp alla brekkuna. Tók það þar eftir því, að eins var og drengurinn næði ekki niður á fótstig reiðhjólsins. Við það segir vitnið reiðhjólíð hafa „svansað“ aðeins til, en þó ekki meira en svo, að akstur drengsins var eðlilegur og alls ekki hættulegur. Virtist vitninu drengurinn hafa fullt vald á reiðhjólinu. Er komið var austur fyrir gatnamót Þvottalaugavegar, hjólaði vitnið fram með

vinstri hlið drengsins, sem þá var á nyrðri jaðri steyppta vegarins. Vitnið hjólaði fremur hægt fram hjá drengnum, og kveður það þá hafa fylgzt að nokkra stund. Er vitnið var komið 20—30 metrum fram fyrir drenginn, heyrði það, að hann rak upp óp. Um leið leit vitnið við og sá þá, að drengurinn hafði fallið í götuna af reiðhjólínu. Samtímis kom það auga á bifreiðina R. 5852, sem komin var fram hjá drengnum. Hafði stjórnandi hennar beygt inn á veginn, þannig að hægri framhjól bifreiðarinnar var sunnanvert við mót akbrautanna. Í þessu nam vitnið staðar. Bifreiðinni R. 5852 var nú beygt til vinstri á hægri ferð og síðan ekið allri inn á sinn vinstri vegarhelming og stöðvuð um 20 metra frá drengnum. Vitnið kveðst hafa séð, að bifreiðarstjórinn á 5852 leit aftur í áttina til drengsins, er það leit við. Telur það, að bifreiðarstjórinn hafi því orðið var við slysið samtímis því. Vitnið segir það öruggt, að bifreiðarstjórinn hafi hvorki gefið hljóðmerki fyrir né eftir slysið, þar sem það hefði átt að heyra það, ef það hefði verið gefið með eðlilegum hljóðgjafa. Vitnið hélt strax á staðinn, þar sem drengurinn var. Drengurinn lá á bakinu með höfuðið við nyrðri jaðar steinsteyppta vegarins, en fæturnir vissu nokkuð þvert inn á veginn. Reiðhjól drengsins lá við vinstri hlið hans eða fyrir austan hann á veginum. Vitnið segir drenginn hafa hjólað alltaf, á meðan það sá til, eftir nyrðri brún steyppta vegarins, og sé það því óhugsandi, að hann hafi verið kominn út á malborna hluta vegarins, er slysið varð.

Vitnið Gestur Zóphónías Sveinsson var á gangi, er slysið vildi til, norður götuna, sem liggur frá Múlakamp að Suðurlandsbraut, rétt austan við Laugabrekku. Vitnið kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R. 5852, þar sem henni var ekið austur Suðurlandsbraut. Bifreiðinni var ekið á eðlilegri ferð eða á um 40 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið veitti því athygli, að bifreiðinni var ekið nokkuð utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi. Vitnið varð ekki vart við dreng þann, er var á reiðhjólínu, fyrr en bifreiðin var komin rétt austur fyrir húsið Laugabrekku. Sá það drenginn falla í götuna, um leið og bifreiðin var að færast fram fyrir hann. Vitnið hélt strax að drengnum, er lá á bakinu á nyrðri brún steyppta vegarins. Höfuð drengsins nam við nyrðri brún steyppta vegarins og vissi í austur, en fætur drengsins vissu að stýri reiðhjólsins og vissu í vestur. Drengurinn var meðvitundarlaus. Stjórnandi bifreiðarinnar R. 5852 ók áfram um 20 metra frá stað þeim, er slysið varð á. Vitnið heyrði aldrei, að bifreiðarstjórinn gæfi hljóðmerki, hvorki fyrir né eftir slysið. Kveðst vitnið þó hafa átt að heyra, ef svo hefði verið. Vitnið sá til ferða bifreiðarinnar R. 5011, sem kom á móti bifreiðinni R. 5852. Var hún stödd á mótis við Múlaveg, er drengurinn féll í götuna. Vitnið varð ekki vart við, að bifreið kæmi á móti bifreiðinni R. 5852, er slysið varð.

Vitnið Guðmundur Ingi Sigurðsson kveðst hafa verið á leið inn í Herskólakamp, er það varð fyrir slysinu. Vitnið hafði gott vald á

reiðhjóli því, sem það ók á, og náði vel niður á fótstig þess. Vitnið hjólaði eftir malborna hluta vegarins utan steypa vegarins. Það heyrði aldrei stjórnanda R. 5852 gefa hljóðmerki og varð ekki vart við bifreiðina, fyrr en það lenti utan í henni og féll í götuna. Vitnið var með hettu yfir höfuðið, en telur þó, að það hefði átt að heyra, ef bifreiðarstjórinn hefði gefið hljóðmerki.

Skv. vætti Torfa Eysteinnssonar, er ber það, að ákærður hafi ekið óþarflega nærri Guðmundi Inga, svo og af uppdrætti og myndum, en skv. þeim liggur Guðmundur Ingi inni á steinsteypa veginum ásamt reiðhjólinu að slysinu afstöðnu, — en það er fram komið í málinu, að ákærður ók á sínum vinstri vegarhelmingi fram úr honum, — þá þykir nægilega sannað þrátt fyrir framburð ákærðs, að hann hafi ekið of nærri Guðmundi Inga. Þá verður að telja sannað þrátt fyrir framburð ákærðs, að hann hafi ekki gefið hljóðmerki, með því að engin af vitnunum í máli þessu hafa heyrt það, enda verður og ráðið af framburði ákærðs, að hljóðmerkið hafi ekki verið gefið í tæka tíð, þótt það hefði verið gefið. Skv. þessu þykir ákærður ekki hafa sýnt nægilega varfærni í akstri, sem hann hafði þó sérstaka ástæðu til, þar sem norðanstormur var á og hann hafði orðið var við það, að drengurinn hjólaði til og frá á veginum. Með þessu atferli sínu þykir ákærður að áliti dómsins hafa orðið samvaldur að slysinu. Hefur hann gerzt brotlegur skv. því gegn 219. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin skv. framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga kr. 2.000,00 sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, ber að svipta ákærðan ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki verkunum dómsins að þessu leyti.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 400,00.

Dómsorð:

Ákærður, Skúli Sigurðsson, greiði kr. 2.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 400,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.